

skipstjóra uppkeðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 7. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 26. apríl s. l., af Sigurði Sveinbjörnssyni stýrimanni, Miðsandi, Hvalfirði, gegn Útgerðarfélagi Grindavíkur h/f, Grindavík, til greiðslu á vangreiddum aflahlut, að fjárhæð kr. 8.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði, að mati dómsins.

Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Af hálfu hins stefnda var mætt í málinu, en hvorki greinargerð skilað af þeirra hálfu né andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem því verða teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1.100.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorvarður Ólafsson f. h. Útgerðarfélags Grindavíkur h/f, greiði stefnanda, Sigurði Sveinbjörnssyni, kr. 8.000.00 auk 6% ársvaxta frá 26. apríl s. l. til greiðsludags og í málskostnað, kr. 1.100.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/b Óðni, G K 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 189/1954. Útgerðarfélag Grindavíkur h/f

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Hauki Egilssyni (Áki Jakobsson hdl.)

Dómendur:

hæstaréttardómaramenn Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Ómerking máls og frávísun þess frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1954. Hann krefst sýknu og málskostna-

aðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 10. maí 1954. Umboðsmaður stefnanda þarlagði þá fram stefnu, greinargerð og reikning, að fjárhæð kr. 7000.00, „Eftirstöðvar aflahlutar háseta á tímabilinu 19. janúar til 23. marz 1954“. Í stefnu og greinargerð er frá því skýrt, að stefndi hafi greint tímabil verið háseti á vélbáti áfrýjanda, Óðni, GK 150, um kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi útgerðarmanna og sjómanna í Grindavík, veiði á vélbátinn hafi numið ca 400 skippundum umræddan tíma og fjárhæð stefnukröfunnar sé áætluð, enda hafi stefndi eigi „fengið í hendur neitt uppgjör“ hjá áfrýjanda. Í greinargerð er skorað á áfrýjanda að leggja fram yfirlitsreikning um hlut stefnda, en eigi verður séð, að stefndi hafi, áður en héraðsstefna var útgefin, krafizt reikningsskila af hendi áfrýjanda, og var þó til þess ríkt efni. Stefndi gerði hins vegar í málssóknarskjölum sínum í héraði enga grein fyrir því, hverjar greiðslur hann hefði hlotið á vegum áfrýjanda af afla vélbátsins. Þá lét stefndi og undir höfuð leggjast að leggja fram í málinu skiprúmssamning sinn, skipshafnarskrá vélbátsins og kjarasamning þann, sem um var að tefla.

Er málið hafði verið þingfest í héraði, fékk áfrýjandi frest til greinargerðar og enn fresti í sama skyni hinn 8. og 22. júní 1954. En er málið var fyrir tekið hinn 7. september s. á., sótti enginn þing af hendi áfrýjanda. Var málið þá samkvæmt kröfu stefnda tekið til dóms, án þess að nokkur greinargerð eða gögn hefðu komið fram af hendi áfrýjanda.

Málatilbúnaður og málsreifan stefnanda í héraði, sem að framan er lýst, þykja svo ófullkomin, að héraðsdómur hefði eigi við svo búið átt að leggja dóm á sakarefni. Verður hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi fékk, eins og að framan greinir, ríflega fresti í héraði til málsreifunar af sinni hendi, en hann lét málið þó eigi til sín taka. Loks leiddi útivist áfrýjanda til þess,

að málið var tekið til dóms algerlega óreifað af hans hálfu, enda þótt honum væri í lófa lagið að skýra málsefni til fullnustu, án þess að til áfrýjunar málsins þyrfti að koma. Þykir því rétt þrátt fyrir framangreind málsúrslit, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Grindavíkur h/f, greiði stefnda, Hauki Egilssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. september 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 14. september, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódomsformanni og meðdómendum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 7. september s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 26. apríl s. l., af Hauki Egilssyni sjómanni, Keflavík, gegn Útgerðarfélagi Grindavíkur h/f, Grindavík, til greiðslu á vangreiddum aflahlut, að fjárhæð kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði að mati dómsins.

Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var háseti á v/b Óðni, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz s. l., og er hin umstefnda skuld eftirstöðvar aflahlutar hans frá fyrrgreindu tímabili.

Af hálfu hins stefnda félags var mætt í málinu, en hvorki

greinargerð skilað né andmælum hreyft gegn kröfum stefnanda, sem því verða teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorvarður Ólafsson f. h. Útgerðarfélags Grindavíkur h/f, greiði stefnanda, Hauki Egilssyni, kr. 7.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi, 26. apríl s. l., til greiðsludags og kr. 1.000.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/b Óðni, GK 150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 190/1954. **Útgerðarfélag Grindavíkur h/f**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Hjalta Einarssyni (Áki Jakobsson hdl.)

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Ómerking máls og frávisun þess frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1954. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 10. maí 1954. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, greinargerð og reikning, að fjárhæð kr. 7000.00, „Eftirstöðvar aflahlutar háseta á m/b Óðinn, GK 150, á tímabilinu 19. janúar til 23. marz 1954“. Í stefnu og greinargerð er frá því skýrt, að stefndi hafi greint tímabil verið háseti á vélbáti áfrýjanda, Óðni, GK 150,